

27. febrúar 2018

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þágu félagslegs stöðugleika í tilefni af mati á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði

Öflugur vinnumarkaður er forsenda efnahagslegrar og félagslegrar velferðar. Ríkisstjórn Íslands lýsir yfir vilja sínum til að vinna með aðilum vinnumarkaðarins að því markmiði að auka kaupmátt á grundvelli lágrar verðbólgu og vaxta og stöðugs gengis með félagslega velferð að leiðarljósi.

Í sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis frá 30. nóvember 2017 segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir samstilltu átaki með aðilum vinnumarkaðarins til að tryggja að kjarasamningar skili launafólki og samfélaginu raunverulegum ávinningi. Sátt á vinnumarkaði er nauðsynleg forsenda þess að stuðla að stöðugu verðlagi og jafnvægi og skapa þannig efnahagsleg skilyrði til lægra vaxtastigs og bættra lífskjara.

Samtal stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins hófst í desember sl. Fundir hafa verið haldnir um einstök mál, svo sem félagslegar undirstöður, vinnumarkaðstengda sjóði og fjármögnun þeirra, menntamál, efnahagsmál, kjararáð og undirstöður launatölfræði. Á grunni þessa samtals hefur eftirfarandi vinna verið unnin:

- **Kjararáð.** Nefnd var skipuð um kjararáð og hefur hún lokið störfum. Niðurstaða nefndarinnar var að hverfa ætti frá því að úrskurða í kjararáði um laun þjóðkjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna, ráðherra og annarra sem undir ráðið heyra. Laun þjóðkjörinna fulltrúa og dómara skyldu ákveðin í lögum og endurskoðuð árlega með einfaldri viðmiðun. Þá fór nefndin yfir valkosti við að jafna þróunina á tímabili rammisamkomulags á vinnumarkaði á milli þeirra sem standa utan og innan kjararáðs.
- **Þjóðhagsráð.** Forsætisráðherra hefur lagt fram tillögu til aðila vinnumarkaðarins um að útvíkka hlutverk ráðsins til að tryggja samhengi og jafnvægi efnahagslegs og félagslegs stöðugleika í umræðu um stjórn opinberra fjármála, peningastefnu og kjaramála.
- **Launatölfræði.** Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um nauðsyn þess að gera umbætur á úrvinnslu og nýtingu tölfræðiupplýsinga um laun og undirbúa upptöku launaupplýsinga frá öllum launagreiðendum að norskri fyrirmynd. Stofnaðar verða tvær nefndir um bættu launatölfræði.

Samtali stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um efnahagslegan og félagslegan stöðugleika verður haldið áfram í Þjóðhagsráði á þessu ári.

Þessu til viðbótar lýsir ríkisstjórnin því yfir að hún er reiðubúin að standa að eftirfarandi velferðarmálum á vinnumarkaði á árinu 2018.

1. Ábyrgðasjóður launa

Stjórnvöld eru reiðubúin til að hækka hámarksfjárhæð mánaðarlegra greiðslna úr Ábyrgðasjóði launa án þess að samtímis sé hreyft við því gjaldi sem greitt er til sjóðsins. Hámarksgreiðsla er nú 385 þús. kr. á mánuði vegna launamissis í allt að 3 mánuði, auk tryggingar á greiðslu orlofs allt að 617 þús. kr. Hámarksgreiðsla á mánuði verður 633 þús. kr. og gildir frá 1. júlí 2018.

2. Atvinnuleysistryggingar

Atvinnuleysisbætur verða hækkaðar og stofnað verður til samráðs milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um skilgreiningu á jafnaðargjaldi í Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem horft er til sjálfbærni sjóðsins til lengri tíma litið og sveiflujöfnunarhlutverks hans í hagstjórnarlegu tilliti.

Ákvörðun um breytingar á fjárhæðum atvinnuleysistrygginga felur í sér að bætur hækki og verði 90% af dagvinnutekjutryggingu og tekur breytingin gildi frá 1. maí nk..

Sérstakur starfshópur, skipaður fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis, velferðarráðuneytis og fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, fær það hlutverk að leggja mat á stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs og gera tillögur um þau hlutlægu viðmið sem lögð verði til grundvallar ákvörðun um atvinnuleysistryggingagjald til lengri tíma og yfir hagsveifluna. Sjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki til efnahagslegrar sveiflujöfnunar. Í tengslum við þessa vinnu verði hugað að mögulegri styttingu bótatímabilsins í 24 mánuði þannig að það verði sambærilegt við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum. Starfshópurinn skal skila af sér í haust.

3. Tekjuskattskerfið

Hafin verður endurskoðun á tekjuskattskerfinu með áherslu á lækkun skattbyrði og mögulegar breytingar á fyrirkomulagi persónuafsláttar og samspili við bótakerfi sem ætlað er að styðja við tekjulægri hópa (lágtekjur og lægri millitekjur). Meðal þess sem skoðað verður er að sett verði á fót heildstætt kerfi er taki jafnt til stuðnings hins opinbera við barnafjölskyldur og stuðnings vegna húsnæðiskostnaðar, hvort heldur er fyrir íbúðareigendur eða leigjendur. Þessi vinna verður undir forystu fjármála- og efnahagsráðuneytis í samstarfi við samtök launþega í því skyni að sem breiðust samstaða geti náðst um áherslur og endanlegar breytingar. Ætlunin er að ljúka þessari vinnu á haustmánuðum 2018 áður en fjárlög ársins 2019 verða afgreidd.

X [Stjórnvöld skuldbinda sig til samtals um skattlagningu greiðslna úr sjúkrasjóðum. Kannaðir verði möguleikar á því að tryggja skattleysi slíkra greiðslna til launþega vegna heilbrigðisþjónustu, svo sem sálfræðiþjónustu og tannlækninga, án neikvæðra áhrifa á skattframkvæmd.]

4. Fræðslusjóður og Vinnustaðanámssjóður

Gerð verður úttekt á stöðu Fræðslusjóðs og Vinnustaðanámssjóðs með tilliti til skilvirkni og árangurs. Samstaða er um að tryggja verði námsúrræði og tækifæri fyrir þá sem litla menntun hafa á vinnumarkaði og að sérstaklega þurfi að tryggja að nám þeirra sem stunda starfs- eða verknám á vinnustað sé í samræmi við skilgreind náms- og færnimarkmið. Ef sýnt er að aukinna fjármuna sé þörf til að tryggja þessi markmið munu stjórnvöld bregðast við því. Þessari vinnu mun ljúka á haustmánuðum 2018 áður en fjárlög ársins 2019 verða afgreidd.